

Nr. 084 / 10 Jötunn**Ásigling í höfn**

Skipaskr.nr. 2756
Smíðaður: Gorinchem Holland 2008, stál
Stærð: 86 brl. 95,7 bt.
Mesta lengd: 19,44 m Skráð lengd: 17,77 m
Breidd: 7,3 m Dýpt: 3,39 m
Vél: Caterpillar 746 kW, 2007
Fjöldi skipverja: 2



Jötunn©Guðmundur St. Valdimarsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 24. apríl 2010 var dráttarbáturinn Jötunn að störfum í Reykjavíkurhöfn.

Jötunn var að aðstoða Sighvat Bjarnason VE 81 að Ægisgarði þegar dráttartaug slitnaði og skipið rann í átt að öðrum skipum við bryggjuna. Þá var Jötni siglt fram fyrir skipið til að stöðva rek þess en þegar hann var athafna sig fór aðvörun frá vél í gang. Við þetta fípaðist stjórnandi við stjórnökin og Jötunn lenti með bakborðskinnung utan í flotbryggju með þeim afleiðingum að tvær dældir komu á hann og skemmdir urðu á bryggjunni.

Við rannsókn kom fram:

- að talið er að smurolíuþrýstingur hafi fallið og orsakað viðvörunina.

Nefndarálit:

Málið hefir verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.